Fundargerð

1222. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,
6. júní 2019, kl. 08:00

Viðstaddir: Friðjón Einarsson, formaður, Guðbrandur Einarsson, Margrét A. Sanders, Gunnar Þórarinsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

**1. Flugvöllur í Hvassahrauni (2019060034)**

Eyjólfur Árni Rafnsson, f.h.starfshóps um flugvallarkosti á suðvesturhorninu mætti á fundinn og gerði grein fyrir málinu. Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri viðskiptaþróunar og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs sátu fundinn undir þessum lið.

**2. Uppbygging íþróttamannvirkja og svæða - rýnivinna (2019050297)**

Snædís Helgadóttir frá Capacent og Hafþór Birgisson, íþrótta- og tómstundafulltrúi, mættu á fundinn og gerðu grein fyrir málinu.

Bæjarráð vísar málinu til íþrótta- og tómstundaráðs.

**3. Stefnumótun Reykjanesbæjar til 2030 (2019050834)**

Bæjarráð vísar stefnumótuninni til næsta bæjarstjórnarfundar 11. júní n.k.

**4. Suðurnes 2019 - aðgerðaáætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2019060036)**

.Bæjarráð fagnar fjármögnun ríkisins á aðgerðaráætlun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

**5. Vatnslögn vegna þjónustumiðstöðvar við Reykjanesvita (2019060015)**

Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri viðskiptaþróunar og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs sátu fundinn undir þessum lið.

Bæjaráð samþykkir að fela Guðlaugi Helga Sigurjónssyni, sviðstjóra umhverfissviðs að vinna í málinu.

**6. Beiðni um vinabæjarsamstarf frá Ustrzyki Dolne í Póllandi (2019060016)**

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

**7. Sameiningarviðræður Kölku og Sorpu (2019050814)**

Bæjarráð samþykkir að skipaður verði vinnuhópur varðandi framtíð Kölku með öðrum eigendum félagsins. Bæjarráð tilnefnir Friðjón Einarsson sem fulltrúa Reykjanesbæjar í vinnuhópnum.

**8. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. maí 2019 (2019050802)**

Fundargerðin lögð fram

**9. Stapaskóli - mat á fjárhagslegum áhrifum (2019060076)**

Lagt fram uppfært mat á fjárhagslegum áhrifum vegna byggingu Stapaskóla skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Bæjarstjóra falið að koma því áleiðis til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00